IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Héraðsskjalasafn
Austur-Húnavatnssýslu

Staðfest afrit úr gögnum sýslunefndar
Svala Runólfsd.

Samþykkt

ríkisstjórnarinnar frá 28. janúar 1982

um atvinnuþróun á Norðurlandi vestra.

Ríkisstjórnin samþykkir að fela Framkvæmdastofnun ríkisins, byggðadeild, að vinna í samvinnu við heimaaðila að úttekt á atvinnulífi á Norðurlandi vestra og móta tillögur um eflingu þess, þar á meðal á sviði iðnaðar. Athugaðir verði hið fyrsta möguleikar atvinnufyrirtækja á svæðinu til að eiga hlut að framkvæmdum við virkjun Blöndu og að atvinnulíf verði treyst til að koma í veg fyrir samdrátt á vinnumarkaði á svæðinu, þegar virkjunarframkvæmdum lýkur.